

Ed.

432. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

Fyrri málsg. 5. gr. laganna skal orða svo:

Stjórn útgáfudeildar Menningarsjóðs getur ráðið mann til að hafa á hendi hina daglegu vinnu við bókaútgáfu sjóðsins og verslun þá með bækur, er óhjákvæmilega leiðir af útgáfustarfsemi þessari, en sjálf ræður stjórn útgáfudeildar og ber ábyrgð á vali bóka, sem út eru gefnar, og frágangi þeirra, en leitar þó álits mentamálaráðsins áður en fullnaðarákvörðun er tekin um val bóka.